

SKÓLADEILD  
AKUREYRARBÆJAR  
GLENÁRGÖTU 26  
600 AKUREYRI

OPIN VIRKA DAGA  
KL. 8-16  
SÍMI 460-1455

# Skóla - akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 5. árg. 6. jan. 2011

## RITSTJÓRN

Gunnar Gíslason  
gunnarg@akureyri.is  
Sesselja Sigurðardóttir  
sesselja@akureyri.is

## MARKMIÐ BLAÐSINS

er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

[gunnarg@akureyri.is](mailto:gunnarg@akureyri.is) eða [sesselja@akureyri.is](mailto:sesselja@akureyri.is)

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvu-  
pósti (pdf-snið) til starfsfólks  
skóla í leik- grunn- og tón-  
listarskóla bæjarins, auk  
fulltrúa foreldra o.fl.  
á starfstíma skóla.

## Gjaldskrárhækkun í leikskólum

Gjaldskrá leikskólanna  
hækkaði um áramótin.  
Breytingin á gjaldskránni  
vað sú að dvalargjaldið  
hækkaði um 10% og fæðið  
um 5%.

Í þeim tilvikum þar sem  
báðir foreldrar eru atvinnu-  
lausir geta þeir sótt um að  
greiða sama gjald og ein-  
stæðir foreldrar og foreldrar  
sem báðir eru í fullu dag-  
námi. Atvinnulausir  
foreldrar þurfa að skila inn  
vottorði um atvinnuleysi frá  
Vinnuálastofnun um hver  
mánaðarmót.

## Hugurinn ber þig hálf leið!

Ágætu stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn skóla, gleðilegt ár og megi árið  
verða okkur öllum gæfu- og árangursríkt.

Þriðja árið í röð göngum við til verka á nýju ári með umræðuna um kreppu og þreng-  
ingar yfir okkur. Það er erfitt að hefja sig yfir neikvæðnina sem fylgir slíkri umræðu  
en nauðsynlegt samt. Við verðum að muna að þrátt fyrir allt höfum við miklar bjargar  
í höndunum sem er mannaðurinn í skólunum. Við verðum að huga vel að því  
hvernig við vinnum saman þannig að styrkleikar hvers og eins fái notið sín. Til þess að svo verði, þarf starfs-  
mannhópurinn að setjast reglulega niður og huga vel að því hvernig verkaskiptingin innan hópsins nýtist  
heildinni best, þannig að úr verði öflugur faghópur sem nær árangri í starfi. Árangurinn ætti að endurspeglast  
í góðri líðan, vaxandi sjálfstrausti og sterkari sjálfsmýnd nemenda.

Málefnalegar umræður um gildi og inntak menntunar á hverjum tíma á að vera mikilvægur þáttur í öllu starfi  
skóla. Slíkar umræður eiga að efla samstöðu og samkvæmni innan starfsmannahópsins þannig að meiri líkur  
séu til að allir stefni að sameiginlegu marki.

Nú eru komin fram drög að innangangskafli aðalnámsskrár leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þar er  
hlutverk aðalnámsskrár kynnt og grunnþættirnir fimm (*b.e. læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti  
og sköpun*) skilgreindir og tengsl þeirra dregin fram. Í þessum drögum er dregin upp menntastefna stjórn-  
valda, sem skólum og starfsmönnum ber að fylgja. Í þessum drögum er dregin upp skýrari mynd að sam-  
félagslegu hlutverki skólans en áður og það skilgreint betur. Mikilvægt er að stjórnendur og starfsmenn skóla  
kynni sér þessa stefnu, ræði hana og greini með hlidsjón af þeim starfsháttum sem viðhafðir hafa verið fram  
að þessu.

Í inngangskafnanum er eftirfarandi texta að finna í kaflanum um fagmennsku kennara:

„Í upphafi 21. aldar hafa orðið gagngerar breytingar í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein  
áhrif á skólakerfið og þá um leið nám nemenda og störf kennara. Hvort sem menn líta til efnahags  
og atvinnumála, félagsmála og fólksflutninga, tækni og samskiptamála má finna deiglu og breyt-  
ingar sem áhrif hafa á menningarlíf og þekkingarvinnslu, menntun og uppeldismál. Það má til sanns  
vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast  
kröfur til skóla um að aðstoða samfélagið við að átta sig á breytingunum og takast á við nýjar að-  
stæður. Allt þetta eykur kröfur til kennarastéttarinnar, bæði til að greina samfélagsbreytingar og til  
að fella starfsemi skólanna að þeim.“

Hér er um að ræða verulega áskorun, sem er þó ekki ný en áherslan er skýrari en verið hefur. Framundan er  
því tími þælinga og þróunar sem mikilvægt er að horfa til með jákvæðu hugarfari. Mín reynsla er að kennarar  
vilji almennt standa sig vel í starfi og leggi mikið á sig til þess. Svo það megi verða raunin þarf að skapa vett-  
vang til umræðna um breyttar kröfur, nýjar áherslur og ný hugtök svo aukinn þekking og skilningur skili  
okkur fram veginn.

Næstu vikurnar mun verða fjallað hér í Skóla – akri um helstu þættina í breyttu áherslum og hugtakanotkun í  
aðalnámsskránni. Er umfjöllunin hugsuð til að kveikja umræður sem eru grundvöllur skilnings.

**Verum óhrædd að fara út á ystu greinina. Þar bíður ávöxturinn!** (Óþekktur höfundur)

Gunnar Gíslason fræðslustjóri

*Þess má geta að myndbirting við greinina er í tilefni dagsins*

## Byggingarverktakar framtíðarinnar

Nemendur í heimilisfræði í Oddeyrarskóla æfðu sig í hönnun og byggingarframkvæmdum fyrir jólin. Efni-  
viðurinn var piparkökukhús, sætindi, sykur og ýmislegt fleira skrautlegt. Afraksturinn má sjá hér á meðfylgi-  
andi myndum.



*Leikskólinn Lundarsel***Stefna og hugmyndafræði**

- ⇒ Að búa börnunum lærdómsríkt umhverfi sem hvetur til sköpunar, umræðna og rannsókna. Unnið er út frá áhuga barnanna og undrun þeirra á tilverunni
- ⇒ Sýn skólans er að nútíma börn séu hugsandi einstaklingar með mikla hæfileika. Tveggja ára barn hefur hæfileika sem hinir fullorönu hafa glatað. Ýtt er undir hæfileika hvers og eins, hvert aldurssig er virt starfsmenn leggja sig fram um að skapa glaðværd í leik- og starfi barnanna
- ⇒ Lítið er á leikinn sem hornstein leikskólastarfsins. Fjölpætt upplifun elur af þér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar afhafni og leikni. Leikurinn gefur börnunum kost á að endurspegla og endurskapa reynslu sína á eigin forsendum, ýmist eitt eða í leik með öðrum. Leikurinn skipar því veglegan sess í öllu starfi skólans.
- ⇒ Lundarsel aðhyllist að mestu hugmyndafræði sem fengin er úr hugmyndafræði barnaheimspekinnar, þar sem lögð er áhersla á að börn séu náttúrulegir frumspekingar, hafi hæfileika til að efast, velta fyrir sér og löngun til að læra. Börnin læra mest með því að gera hlutina sjálf og uppgötva með því að spjalla, snerta, skynja og upplifa. Siðfræði, umhyggja og agi eru einnig mikilvæg hugtök í barnaheimspeki og lagt er mikið upp úr þeim.

*Hugmyndafræði sína sækir leikskólinn til fræðimanna á borð við Matthew Lipmann, Gareth Matthews, Bronfenbrenner, Gredner og Goleman.*

**Verða börn gáfuð af því að spila á fiðlu?**

Í bænum Attica, sem er 3.200 manna bær um 70 mílur norðvestur Indianapolis í Bandaríkjunum er Brenda Brenner, „a music education professor at the IU Jacobs School of Music“ að gera tilraun sem byggir á að kanna hvort fiðluskennsla sem hefst í fyrstu bekkjum grunnskóla hafi áhrif á greind barnanna. Brenner þróaði kennsluþrógram eftir að fræðilegar rannsóknir sýndu að nemendur sem léku á strengjahljóðfæri ættu auðveldar með fræðilegt nám heldur en hinir sem ekki léku á strengjahljóðfæri. Brenner hafði grun um að nemendur sem legðu stund á listir, kæmu frá heimilum sem hefðu meðaltekjur eða hærri, þeir ættu menntaða foreldra, og hefðu hvort sem er átt auðveldar með nám heldur en jafnaldrar þeirra af lægri stéttum. Hún vildi kanna tilgátuna um hvort fiðluskennsla yki vitþroska, með því að fylgjast með nemendum með annan bakgrunn. Hún taldi að það væri áhugavert að byrja með hóp af börnum þar sem fiðla væri ekki hluti af menningararfi þeirra.

Kennslan felst í að nemendur fyrsta bekkjar hittast tvisvar í viku í fiðluskennslu. Þau byrja á að læra stöður og hvernig á að halda á fiðluboga. Námskrá fiðluskennslunnar inniheldur tengingar við stærðfræði og lestur.

Rannsakendur vilja komast að því hvort fiðlunemarnir eru líklegri til að koma í skólann þá daga sem er fiðlutími. Hvort þátttaka foreldra og viðhorf gagnvart skólanum batnar. Hvort einkunnir á WISC (Wechsler Intelligence Scale for Children) hækka yfir árið. Hvort vitsmunapróski eykst.

Nánari upplýsingar um þessa athygliverðu rannsókn er að finna á veraldarvefnum, slóð:

<http://www.indy.com/posts/attica-students-part-of-effort-to-see-if-music-improves-minds>

**Dæmi um heimspekítíma á Lundarseli**

Kennarinn/leiðbeinandi byrjar á stuttum sögulestri, sem gefur möguleika á samræðurannsókn. Hann hvetur börnin til að ræða um efnisatriði textans, til dæmis sjónarmið sögupersóna eða einstaka setningar eða að skilgreina orð. Kennarinn spyr að loknum lestri: Hvað fannst ykkur skrítið við söguna? Eða fyndið? Asnalegt? Hvað var í plati? Eða einfaldlega um hvað viljið þið ræða í dag? Þannig skapast samræðudagskrá. Allir fá tækifæri til að tjá sig og það er hlustað á allar hugmyndir, en kennarinn spinnur við hugmyndirnar og spyr um rök og ástæður. Möguleiki er á að nota önnur tjáningarform eins og myndlist, tónlist eða verkefni til glöggvunar á efninu. Í lokin er efnið í heild tekið saman og hugsanlegar niðurstöður ræddar.

Samræðan gengur í stutti máli út á það að börnin komi hugsunum sínum í orð, dragi fram rök út frá reynslu sinni og þroska og geri hugmyndirnar sínar skýrari fyrir sér og öðrum. Börnin þróa þannig hugmyndir og kenningar um lífið og tilveruna.

**Rafmagnslaus dagur á Kiðagili**

Síðustu dagana fyrir jól voru spennandi dagar á Kiðagili. Eitt af því sem boðið var upp á var rafmagnslaus dagur. Rafmagnslausidagurinn vakti lukku enda mikið myrkrur í húsinu. Myrkraverk voru framin í hverju skoti þótt ekki væru þau myrkraverk í hefðbundnum skilningi. Börnin mættu með allskonar ljós. Ljós og luktir, ljóskastara og ljóstýrur, allt nema olíu- og lýsislampa. Þótti kennurum undravert hvað börnin voru fljót að komast upp á lag með að láta ljósin sín nægja til þess að gera flest það sem þau voru vön að gera í skólanum og ýmislegt fleira.

Fyrir þá sem hafa gaman af allskyns upplýsingum má geta þess að fyrst var fyrirbærið nefnt **rafkraftur** af Magnúsi Stephensen 1733, síðar breytti Jónas Þjóðskáld Hallgrímsson því í **rafur-magn** en um miðja 19. öld var farið að skrifa það **rafmagn** eins og gert er í dag. Þessar upplýsingar fengust af vef Landsvirkjunar.



Skóla akur óskar lesendum sínum árs og friðar með þessu litla ljóði, sem hugsanlega varð til eftir rafmagnslausan dag?

Það þarf bara einn lítinn neista  
til að kveikja ljós  
Lítið ljós  
kveikt af kærleika  
gefur meiri yl í hjarta  
en allt rafmagn heimsins  
Skærasta ljósið  
finnurðu í augum barnanna  
ef þú gefur þér tíma til að kveikja það

ss 2010

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn 20. jan. 2011